

ÞRÓUN SUNDAHAFNAR
MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
ÚTBOÐ

EFNISYFIRLIT

0	ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR.....	1
0.1	YFIRLIT	1
0.1.1	Útboð	1
0.1.2	Útboðsform – Útboðsyfirlit.....	1
0.1.3	Kröfur um hæfi bjóðenda.....	1
0.1.4	Starfslið	2
0.1.5	Lauslegt yfirlit yfir verkið.....	2
0.1.6	Verksamningur – Verkáætlun	3
0.1.7	Verktími.....	3
0.2	ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR – STAÐLAR	4
0.2.1	Upplýsingar um verkkaupa	4
0.2.2	Útboðsgögn.....	4
0.2.3	Skýringar á gögnum	4
0.3	TILBOÐ	5
0.3.1	Gerð og frágangur tilboðs.....	5
0.3.2	Tilboðsblað - Tilboðsskrá	5
0.3.3	Fylgigögn með tilboði.....	5
0.3.4	Auðkenni tilboðs	6
0.3.5	Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs	6
0.3.6	Opnun tilboða	6
0.3.7	Meðferð og mat á tilboðum.....	6
0.3.8	Póknun fyrir gerð tilboðs	6
0.4	GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR.....	7
0.4.1	Framlag verkkaupa.....	7
0.4.2	Breytingar á verkinu (viðbótarverk) – aukaverk	7
0.4.3	Frestir – Tafabætur	7
0.4.4	Greiðslur og reikningsskil	7
0.4.5	Verðlagsgrundvöllur.....	7
0.4.6	Fyrirframgreiðsla.....	7
0.5	ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL.....	8
0.5.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld.....	8
0.5.2	Ágreiningsmál	8
1	VERKLÝSING.....	9
1.1	VERKSVIÐ RÁÐGJAFÁ	9
1.1.1	Yfirlit yfir framkvæmdina	9
1.1.2	Verksvið ráðgjafa - Verkpættir.....	9
1.1.3	Fundir.....	10
2	TILBOÐSSKRÁ.....	11
2.1	FYLGIGÖGN.....	11
2.1.1	Almennt	11
2.1.2	Upplýsingar um bjóðanda.....	11
2.1.3	Fyrirtæki bjóðanda og gæðakerfi	11
2.1.4	Frekari upplýsingar um bjóðanda	12
2.1.5	Starfslið bjóðanda	13
2.2	VERÐTILBOÐ	14
2.2.1	Almennt	14
2.2.2	Tilboðsblað.....	14
2.2.3	Tilboð - Starfslið.	15
3	FYLGIGÖGN.....	16

0 ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 Útboð

Faxaflóahafnir sf, kt. 530269-7529, (hér eftir nefndur verkkaupi) óskar eftir tilboðum í verkið: „Þróun Sundahafnar – Mat á umhverfisáhrifum“.

Verkið skal vinna samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari, ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til. Meðal þeirra gagna eru stefnur Faxaflóahafna, sem skulu hafðar að leiðarljósi í allri vinnu.

0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit

Hér er um opið útboð að ræða, þ.e. almennt útboð eins og lýst er í 2. gr. laga nr. 120/2016 og grein 1.2.2 í ÍST 30:2012.

Yfirlit helstu dagsetninga og skilmála útboðs :

- | | |
|------------------------------------|---------------------------------------|
| • Útboðsgögn auglýst | 18. júlí 2020 |
| • Fyrirspurnatíma lýkur | 14. ágúst 2020 |
| • Svarfrestur fyrirspurna | 18. ágúst 2020 kl. 23:00 |
| • Skilafrestur/Opnunartími tilboða | 25. ágúst 2020, kl 14:00 |
| • Undirritun samnings | Innan fjögurra vikna frá töku tilboðs |
| • Vinna hefst | Við töku tilboðs |
| • Verklök | Áætluð verklök í lok árs 2021 |
| • Tafabætur | Á ekki við |
| • Verðlagsgrundvöllur | Verkið verðbættist skv. 0.4.5 |
| • Frávikstilboð | Ekki heimiluð |

0.1.3 Kröfur um hæfi bjóðenda

Í verki þessu eru gerðar hæfniskröfur til bjóðenda hvað varðar fjárhagsstöðu, sambærileg verk og tæknilega getu bjóðanda og starfsmanna hans. Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum eða frekari upplýsingum sem varða þá bjóðendur sem til greina koma. Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Uppfylli bjóðendur ekki hæfniskröfur útboðsgagna verður tilboði þeirra vísað frá.

Kröfur um hæfi, reynslu og gæðakerfi

Bjóðandi skal sýna fram á reynslu sína af mati á umhverfisáhrifum á a.m.k. tveimur verkum sambærilegum að stærð og umfangi. Með sambærilegu verki er átt við stór hafnarmannvirki eða stórra verka þar sem framkvæmdakostnaður var um eða yfir 300 mkr. með vsk. Upplýsingar um sambærileg verk skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

Bjóðandi skal senda með tilboði sínu lýsingu á nálgun hans á verkið. Í þeirri lýsingu skal setja matsvinnunni ramma sem tekur mið af matsvinnunni og lögbundnu ferli mats á umhverfisáhrifum.

Bjóðandi skal hafa vottað gæðakerfi skv. ISO 9001. Með tilboði skal skila inn vottorði um gæðakerfið og upplýsingum um tvö verkefni á sviði umhverfismats þar sem gæðakerfið var notað.

Gerð er krafa um að eigið fé bjóðanda sé jákvætt. Ef ársreikningur bjóðanda sýnir að eigið fé nái ekki þessari kröfu er verkkaupa þó heimilt að taka til greina upplýsingar í formi árshlutareiknings árituðum af löggiltum endurskoðanda eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda, um að eigið fé bjóðandans sé jákvætt.

Ef viðskiptasaga stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdra aðila), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur, skulu, sé þess óskað, láta í té innan fjögurra virkra daga upplýsingar um að þeir séu í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgjöld starfsmanna, dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboðs, auk áritaðra ársreikninga síðustu tveggja ára.

0.1.4 Starfslið

Gerð er krafa um að bjóðandi hafi á að skipa nægilegu starfsliði, s.s. náttúrufræðingum, líffræðingum, verkfræðingum og/eða tæknifræðingum til þess að tryggja úrlausn verksins. Leggja skal fram starfsferilskrá þeirra starfsmanna sem boðnir eru til starfa í verkinu. Einungis skal nefna þá sem vinna eiga að verkefninu. Boðnir skulu a.m.k. þrír starfsmenn, verkefnisstjóri, sérfræðingur við mat á umhverfisáhrifum og aðstoðarmaður við matsvinnu (*annað starfslið*).

Verkefnisstjóri: Gerð er krafa um að umsækjandi tilgreini verkefnisstjóra í verkefninu. Hann þarf að hafa yfirsýn yfir verkefnið, stýra matsvinnunni og vera þannig virkur þátttakandi í matsferlinu. Gerð er krafa um að verkefnisstjóri hafi a.m.k. 10 ára starfsreynslu sem verkfræðingur eða tæknifræðingur. Hann skal hafa haft umsjón með a.m.k. tveimur verkum með framkvæmdakostnað að lágmarki 300 m.kr. með vsk.

Upplýsingar sem er krafist um verkefnisstjóra:

- Starfsferilskrá
- Tilvísun í sambærileg verk

Sérfræðingur við mat á umhverfisáhrifum: Gerð er krafa um að umsækjandi tilgreini sérfræðing í verkefninu sem ber þungann af matsvinnunni. Gerð er krafa um að sérfræðingur hafi a.m.k. 10 ára starfsreynslu á eftirtöldum sviðum: Verkfræðingur eða tæknifræðingur, líffræðingur, jarðfræðingur eða með háskólagráðu á öðrum sviðum náttúru- og umhverfisfræða sem nýtast í verkinu. Hann skal hafa unnið við a.m.k. eitt verk á sviði mats á umhverfisáhrifum, með framkvæmdakostnað að lágmarki 200 m.kr. með vsk.

Upplýsingar sem er krafist um sérfræðing:

- Starfsferilskrá
- Tilvísun í sambærileg verk

Annað starfslið: Bjóðandi skal nefna annað starfslið sem ráðgert er að vinni við matsvinnuna. Ekki skal skila starfsferilslýsingum fyrir annað starfslið.

Séu framangreindar upplýsingar ekki veittar er áskilinn réttur til að hafna umsækjanda, sbr. einnig kafla 0.1.3.

0.1.5 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Faxaflóahafnir ráðgera umfangsmiklar hafnarframkvæmdir í Sundahöfn á árunum 2022-2027. Meta þarf umhverfisáhrif þessara framkvæmda og er það verkefni útboðs þessa.

Meðal þess sem ráðast á í er að lengja Skarfabakka til suðurs, með tilheyrandi uppfyllingu og landgerð í Vatnagörðum, færa Kleppsbakka til norðurs, lengja Sundabakka og lengja Vogabakka

samhliða dýpkun Viðeyjarsunds og Kleppsvíkur. Gert er ráð fyrir að hluti efnis verði nýttur í landgerð, en hluta þess verði komið fyrir á meira dýpi úti fyrir Engey.

Stefnt er að því að sem mest af fyllingarefni við landgerð komi úr námum á hafsbotni, bæði dýpkunarsvæðum og öðrum námum á hafsbotni. Nánari lýsing á verkefninu er að finna í kafla 1.1.1 síðar í gögnum þessum.

Gróf skipting tíma eftir verkþáttum er í eftirfarandi töflu.

VERKÞÁTTUR	TÍMAR
Undirbúningur og stjórnun	30
Fundir	30
Gagnaöflun og úrvinnsla	120
Matsáætlun	120
Frummatsskýrsla	320
Matsskýrsla	150
Kynningar	30
ALLS:	800

0.1.6 Verksamningur – Verkáætlun

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði ráðgjafa telst kominn á samningur um verkið. Gera skal skriflegan samning um verkið.

Áður en verksamningur er undirritaður skal ráðgjafi leggja fram tímaáætlun um verkið í heild, sbr. kafla 4.1 í ÍST 35:2018. Tímaáætlun þessi verður hluti verksamnings.

Ráðgjafi skal tilkynna verkkaupa skriflega um lögmætar tafir skv. ÍST 35:2018 gr. 4.2 jafnskjótt og þær verða að hans mati. Um slíkar tafir svo og öll ágreiningsatriði skal semja um svo fljótt sem auðið er og ganga frá skriflega.

0.1.7 Verktími

Ráðgjafi getur áætlað að hefja vinnu við mat á umhverfisáhrifum strax og tilboði hefur verið tekið, og er miðað við að verkinu sé að fullu lokið eigi síðar en fram kemur í kafla „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu ráðgjafa fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum.

0.2 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR – STAÐLAR

0.2.1 Upplýsingar um verkkaupa

Verkkaupi

Faxaflóahafnir sf.
Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sími : 525 8900

Ráðgjafi við útboð

Hnit verkfræðistofa hf
Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
Sími: 5 700 500

0.2.2 Útboðsgögn

Til gagna þessa útboðs teljast eftirfarandi gögn:

- Útboðs- og verklýsing þessi, dagsett í júlí 2020, ásamt gögnum sem vísað er til
- Hafnargerð í Vatnagörðum í Sundahöfn 2022 – 2027. Kynning fyrir Skipulagsstofnun. Desember 2019.
- Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðar framkvæmdir, dags. í júlí 2020
- Stefnur Faxaflóahafna
- Íslenskir staðlar ÍST 35:2018

Gögn, önnur en staðall, fylgja útboði þessu.

0.2.3 Skýringar á gögnum

Óski bjóðandi eftir frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í kafla „0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnina skal senda í gegnum útboðsvef Faxaflóahafna, <https://faxafloahafnir.ajoursystem.is/>

Fyrirspurnir ásamt svörum munu birtast öllum bjóðendum á útboðsvef Faxaflóahafna, <https://faxafloahafnir.ajoursystem.is/>, eigi síðar en þann dag sem getið er um í kafla „0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnum.

0.3 TILBOÐ

0.3.1 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum. Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum.

Bjóðandi staðfestir með tilboði sínu að hann samþykki þá skilmála sem útboðsgögnin kveða á um, viti í hverju verkið sé fólgið og um önnur atriði, sem ætla má að hafi áhrif á það og kostnað vegna þess, þar með talið vegna kjarasamninga.

Komi til þess að verkliðir stækki, m.a. vegna athugasemda, ítarlegri rannsókna o.fl. skulu þeir unnir á þeim einingaverðum sem gefin eru upp í tilboði.

0.3.2 Tilboðsblað - Tilboðsskrá

Bjóðendur skulu fylla út tilboðsskrá sem er hluti þessara útboðsgagna. Fylla skal út tilboðsskrá og öll önnur eyðublöð tilboðsskrár eins og texti segir til um. Sé tilboðsskrá ekki að fullu útfyllt áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði. Tilboðsfjárhæð skal færð á tilboðsblað í heilum krónum. Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og bjóðandi skal einnig rita fangamark sitt á öll blöð tilboðsskrárinnar.

Einingarverð og heildartilboðsfjárhæð, sem fært er á tilboðsblað, skal innifela virðisaukaskatt.

Innifalið í tilboði skal vera allur kostnaður ráðgjafa, svo sem launakostnaður, allt efni, tæki, skrifstofuaðstaða, símar og tölvubúnaður, akstur og flutningur mannafla og tækja og tengdur ferðakostnaður, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, virðisaukaskattur o.s.frv.

Kostnaður vegna þriðja aðila við rannsóknir sem kann að þurfa að framkvæma er ekki hluti af útboði þessu, sbr. 0.4.1.

0.3.3 Fylgigögn með tilboði

Bjóðandi skal leggja fram með tilboði sínu allar upplýsingar sem beðið er um, auk eftirtalinna upplýsinga sbr. upptalningu í grein 0.1.3.

Verkkaupi metur hvort bjóðandi uppfylli hæfiskröfur útboðsgagna út frá þeim upplýsingum sem hann skilar með tilboði sínu og eru þær bindandi fyrir þann aðila sem samið verður við og er honum óheimilt að víkja frá þeim, án samþykkis verkkaupa.

Bjóðanda er heimilt að leggja fram frekari upplýsingar um fyrirtæki og starfsmenn en taldar eru hér að neðan. Jafnframt er verkkaupa heimilt að leita frekari upplýsinga frá bjóðendum en þær sem þeir skila með tilboði sínu.

Almennar upplýsingar um fyrirtæki bjóðanda

- Almennar upplýsingar um bjóðanda.
- Upplýsingar um vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001, ásamt vottorði.
- Staðfesting á reynslu bjóðanda vegna sambærilegra verka síðustu 10 ára.

Starfsmenn bjóðanda

Leggja skal fram starfsferilskrá verkefnisstjóra og sérfræðings sem boðnir eru til starfa í verkinu.

Einungis skal nefna þá sem eiga að vinna að verkinu. Ekki er heimilt að skipta um starfsmenn á verktímanum nema með skriflegu samþykki verkkaupa og skal þá leggja fram samsvarandi gögn fyrir þá starfsmenn.

Starfsferilskrár skulu gefa upplýsingar um menntun, starfsaldur, almenna reynslu, áunna reynslu, stöðu í fyrirtæki og helstu verkefni á liðnum árum í tímaröð. Við upptalningu komi fram á hvaða árum verkið var unnið, lengd verks í mánuðum og starfshlutfall starfsmanns við einstök verk.

0.3.4 Auðkenni tilboðs

Tilboði skal skilað rafrænt á útboðsvef Faxaflóahafna, <https://faxafloahafnir.ajoursystem.is/>, fyrir þann tíma sem tilgreindur er í útboðsyfirliti í grein 0.1.2, með heiti útboðs í titli skeytis.

0.3.5 Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs

Ekki er farið fram á tilboðstryggingu af hendi bjóðanda.

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 4 vikur frá opnun tilboða.

0.3.6 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist á útboðsvef Faxaflóahafna sf., eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um opnunartíma tilboða í grein 0.1.2. Ekki verður um opinn opnunarfund að ræða.

Þau tilboð sem berast eftir að tilboðsfrestur er liðinn verða ekki opnuð.

0.3.7 Meðferð og mat á tilboðum

Við meðferð og mat á tilboðum, metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í greinum 0.1.3 og 0.1.4. Gengið verður til samninga við lægstbjóðanda, að því tilskyldu að hann uppfylli framangreindar kröfur.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða form annmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógilding tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

0.3.8 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Þóknun verður ekki greidd fyrir gerð tilboða.

0.4 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.4.1 Framlag verkkaupa

Á verktíma skal ráðgjafi leggja fram til samþykktar áætlun um rannsóknir sem kunna að þykja nauðsynlegar. Verkkaupi greiðir kostnað við nauðsynlegar efnisrannsóknir á rannsóknarstofu hjá þriðja aðila og annarra rannsókna, sem ráðgjafi og verkkaupi eru sammála um að gera þurfi.

0.4.2 Breytingar á verkinu (viðbótarverk) – aukaverk

Komi til aukaverka vegna breytinga á verkinu skal samið um það sérstaklega. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar. Verði samkomulag um að ráðgjafi vinni aukaverk í tímavinnu, skal nota taxta, sem hann býður í tilboði sínu. Taxtar skulu miðast við það starfslið sem vinnur verkið, sbr. 2.2.3 *Tilboð - Starfslið*.

Tímagjaldið skal miðast við hvern unninn tíma. Taxtarnir skulu innifela allan kostnað, svo sem allar samnings- og lögbundnar greiðslur ofan á laun, virðisaukaskatt, ferðir, fæði, álagningu, verkstjórn, o.s.frv.

0.4.3 Frestir – Tafabætur

Á ekki við.

0.4.4 Greiðslur og reikningsskil

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30:2012.

Reikningar skulu lagðir fram einu sinni í mánuði. Þar skulu greiðsluliðir reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri verkliðs.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Verkkaupi áskilur sér 20 daga greiðslufrest frá þeim degi er samþykktur reikningur er móttækinn á hafnarskrifstofu, nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Virðisaukaskatt skal tilgreina sérstaklega á reikningum.

Reikninga skal stíla á: Faxaflóahafnir sf, kt. 530269-7529, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík.

0.4.5 Verðlagsgrundvöllur

Engar verðbætur eru greiddar á árinu 2020. Eftir þann tíma skal tilboðsverð og einingarverð ráðgjafa taka leiðréttingum í upphafi árs með launavísitölu. Upprunaleg launavísitala er í maí 2020 (734,5).

0.4.6 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki

0.5 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL

0.5.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld

Um ábyrgð ráðgjafa vísast til ÍST 35:2018, skipulagslaga og laga um mannvirki.

0.5.2 Ágreiningsmál

Ágreiningi milli verkkaupa og bjóðanda, sem ekki er hægt að útkljá með samningum, skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1 VERKLÝSING

1.1 VERKSVIÐ RÁÐGJAFNA

1.1.1 Yfirlit yfir framkvæmdina

Umhverfismatinu er ætlað að ná yfir framtíðaráætlanir Faxaflóahafna í Sundahöfn, í samræmi við staðfest aðalskipulag 2010 - 2030. Áætlunin felur í sér lengingu Skarfabakka til suðurs, færslu austurenda Kleppsbakka til norðurs, lengingu Sundabakka og Vogabakka, uppfyllingu Vatnagarða með landgerð og aflagningu eldri bakka, samhliða dýpkun Viðeyjarsunds og Kleppsvíkur. Dýpkunarefni verður nýtt við landgerð eins og mögulegt er, en umframefni komið fyrir á losunarsvæði við Engey.

Gerðar hafa verið botnrannsóknir á dýpkunarsvæðinu. Kjarnar voru teknir á 28 stöðum og liggja niðurstöður úr þungmálmagreiningum fyrir hjá Faxaflóahöfnum. Ljóst er að hluti efnis sem dýpka á við nýjan Sundabakka greindist í mengunarflokk IV og V og þarf því að gera ráðstafanir við losun þess efnis. Reiknað er með að sá hluti verði settur í fyllingu Vatnagarða og lokaður þar af.

Nánari upplýsingar um framkvæmdina má fá í meðfylgjandi skjali frá kynningu fyrir Skipulagsstofnun í desember 2019.

1.1.2 Verksvið ráðgjafa - Verkpættir

Verksvið ráðgjafa er að annast gerð umhverfismats fyrir framkvæmdirnar, eins og þær eru kynntar í meðfylgjandi kynningu. Í því felst m.a.

- Stjórnun verks
- Gagnaöflun, utanumhald um rannsóknir og gögn
- Samskipti við viðeigandi stofnanir sem hafa með málið að gera
- Gerð matsáætlunar
- Gerð frummatsskýrslu
- Gerð matsskýrslu
- Bregðast við athugasemdum á öllum stigum
- Kynningar á öllum stigum eftir þörfum

Í upphafi er gert ráð fyrir samantekt fyrirbyggjandi gagna og úrvinnslu og frummati á því hvort og þá hvaða rannsóknir kunni að vera þörf á að vinna. Sú vinna leiðir til tillögu að matsáætlun og í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum að lokum til matsáætlunar.

Á grundvelli matsáætlunar verður frummatsskýrsla, þar sem umhverfisáhrif framkvæmdanna eru metin í samræmi við matsáætlun. Að afloknu umsagnarferli verður matsskýrsla unnin. Á öllum stigum verður eitthvað samráðs- og kynningarferli eins og krafist er.

Að óbreyttu er ekki gert ráð fyrir að frekari rannsókna sé þörf, en verði þeirra krafist af hálfu Skipulagsstofnunar eða eftir atvikum annarra aðila, þá mun ráðgjafi annast utanumhald um þá vinnu.

Tilboðin byggja á tímafjölda í töflu í kafla 0.1.5, en matsferlið mun að stórum hluta byggja á tímaferli sem ráðgjafi leggur fram með tilboði þessu, sbr. kafla 0.1.3.

Í samræmi við eðli máls þarf að bregðast við athugasemdum í tilboðsferlinu. Það kann að leiða til þess að einstakir liðir breytist að magni. Í slíkum tilvikum skal byggt á tímagjaldi ráðgjafa og í fullu samráði við verkkaupa.

1.1.3 Fundir

Ráðgjafi skal gera ráð fyrir að verkfundir verði alla jafna á hálfsmánaðar fresti og mun verkefnisstjóri stýra þeim. Einnig má reikna með fundum með hagsmunaaðilum verksins eftir þörfum. Greiðslur fyrir fundarsetu eru innifaldar í tilboði.

2 TILBOÐSSKRÁ

2.1 FYLGIGÖGN

2.1.1 Almenn

Gögn skv. því sem hér er talið upp, í samræmi við útboðs- og verklýsingu, grein 0.4.3 Fylgigögn með tilboði, skulu fylgja tilboði bjóðanda. Sjá einnig grein 0.3.3 Kröfur til bjóðenda.

2.1.2 Upplýsingar um bjóðanda

Nafn bjóðanda: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Netfang: _____

Tengiliður vegna tilboðs: _____

2.1.3 Fyrirtæki bjóðanda og gæðakerfi

Bjóðandi gerir hér grein fyrir skipulagi fyrirtækis síns, gæðakerfi og fjárhagslegri stöðu.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið, starfsemi þess, stjórnskipulag, eigendur, og fjölda starfsfólks.

Sjá fylgiskjal nr: _____

Upplýsingar um vottað gæðakerfi skv. ÍST EN ISO 9001 með viðeigandi verkferlum fyrir verkefnisstjórnun, rýni og skjalastýringu.

Sjá fylgiskjal nr: _____

Áætlun um mat á umhverfisáhrifum, sundurliðaða eftir manntímum og verkþáttum

Sjá fylgiskjal nr: _____

Staðfesting á reynslu bjóðanda vegna sambærilegra verka, sbr. 0.1.3

Sjá fylgiskjal nr: _____

Listi yfir undirverktaka/samstarfsaðila (ef við á)

Sjá fylgiskjal nr: _____

Bjóðandi skrái hér viðbótargögn sem hann sendir með tilboði sínu.

This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and extend across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

2.1.5 Starfslið bjóðanda

Leggja skal fram starfsferilsskrár þeirra sem boðnir eru til starfa í verkinu.

Þar er um að ræða verkefnisstjóra og sérfræðings á sviði mats á umhverfisáhrifum, ásamt öðru lykilfólki eftir atvikum.

Einungis skal nefna þá einstaklinga sem ætlunin er að vinni að verkefninu.

Koma skulu fram upplýsingar um menntun, starfsaldur, almenna reynslu, áunna starfsreynslu að sambærilegum eða hliðstæðum verkefnum, stöðu í fyrirtæki og helstu verkefni á liðnum árum.

Leggja skal áherslu á upplýsingar, sem bjóðandi telur styðja boð hans til þessa verks og það hlutverk sem starfsmanni er ætlað í verkefninu.

Verkefnisstjóri

Nafn:			
Menntun:			
Staða innan fyrirtækis:			
Starfsferilsskrá:	Sjá fylgiskjal nr:		
Tilvísun í sambærileg verk	Sjá fylgiskjal nr:		

Sérfræðingur við mat á umhverfisáhrifum

Nafn:			
Menntun:			
Staða innan fyrirtækis:			
Starfsferilsskrá:	Sjá fylgiskjal nr:		
Tilvísun í sambærileg verk	Sjá fylgiskjal nr:		

Annað starfslið

Nafn	Menntun	Staða

2.2 VERÐTILBOÐ

2.2.1 Almenn

Tilboð skal gert í verkið í heild á grundvelli útboðsgagna. Undir lið „0.1.5 Lauslegt yfirlit yfir verkið“ er gefin gróf áætlun yfir tímafjölda deilt á verkþætti.

2.2.2 Tilboðsblað

Undirritaður gerir hér með tilboð í verkið:

**Þróun Sundahafnar
Mat á umhverfisáhrifum**

Tilboðið er gert í samræmi við útboðs- og verklýsingu þessa, dagsetta í júlí 2020.

Tilboðsupphæð samtals með VSK: _____

Tilboðsupphæð í bókstöfum: _____

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðsgögn þessi.

Heildartilboðsfjárhæðin innifelur allt sem til verksins þarf til þess að ljúka því, í samræmi við útboðsgögn, þar með talinn virðisaukaskatt.

Tilboðinu fylgja greinargóðar upplýsingar um starfsmenn sem bjóðandi hyggst nota viðeftirlitsverkið.

Staður og dagsetning

Nafn og kennitala fyrirtækis

Sími og netfang

Undirskrift bjóðanda

2.2.3 Tilboð - Starfslið.

Ráðgjafi býðst til að vinna verkið „Þróun Sundahafnar. Mat á umhverfisáhrifum“ í samræmi við fram komnar kröfur í þessari útboðs- og verklýsingu..

Verði aukning á verkþáttum, með samþykki verkkaupa, skal vinna skv. einingaverði þess starfsliðs sem boðið er í þann verkþátt. Það á jafnframt við um skilgreind og samþykkt auka- og viðbótarverk.

Starfslið	Tímar	Einingaverð m/VSK	Samtals kr. með VSK
Verkefnisstjóri	100		
Sérfræðingur	450		
Annað starfslið	250		
(Flutt á 2.2.2 Tilboðsblað) Heildartilboð. Samtals kr. með VSK:			

3 FYLGIGÖGN

Tilboði þessu fylgja eftirfarandi gögn:

- Hafnargerð í Vatnagörðum í Sundahöfn 2022 – 2027. Kynning fyrir Skipulagsstofnun. Desember 2019.
- Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaðar framkvæmdir, dags. í júlí 2020
- Stefnur Faxaflóahafna